



Lúxemborg, 21. mars 2018

FRÉTTATILKYNNING 02/2018

Dómur í máli E-4/17 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn norska ríkinu*

ÚTBOÐSFERLI SVEITARFÉLAGSINS KRISTIANSAND VEGNA BÍLAKJALLARA Í ANDSTÖÐU VIÐ EES-RÉTT

Með dómi sem kveðinn var upp í dag, tók EFTA-dómstóllinn afstöðu til þess hvort útboðsferli sveitarfélagsins Kristiansand í Noregi í apríl 2015, í formi sérleyfissamnings um þjónustu vegna byggingar og reksturs bílakjallara undir Torvet í miðbæ Kristiansand, samrýmdist ákvæðum EES-samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“) krafðist viðurkenningar á því að norska ríkið hefði brotið gegn ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga („tilskipunin“), sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2198/2002 frá 5. nóvember 2002 um sameiginlegt innkaupaorðasafn (CPV) („CPV reglugerðin“), með því að flokka ranglega opinberan samning, hvers meginefni var bygging og rekstur bílakjallara undir Torvet í Kristiansand, sem „sérleyfissamning um þjónustu“ í stað „sérleyfissamnings um verk“ og framkvæma þar með útboðsferli í andstöðu við kröfur EES-réttar um opinber innkaup. Norska ríkið tók til varna.

Dómstóllinn taldi að þegar opinber samningur hefði bæði einkenni opinbers verksamnings og annars konar samnings, þá væri það meginefni samningsins sem réði úrslitum um það hvaða reglum EES-réttar um opinbera samninga skyldi beitt. Slík afmörkun yrði að taka mið af þeim meginskyldum sem einkenndu viðskiptin, gagnstætt þeim þáttum samningsins sem í eðli sínu hefðu minna vægi eða væru til viðbótar megin skyldubindingu samningsins. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að meginmarkmið umþrættis samnings væri framkvæmd opinberra verka og að samningurinn teldist opinber sérleyfissamningur um verk í skilningi 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Dró dómstóllinn þá ályktun að útboðsferlið hefði fallið undir reglur tilskipunarinnar.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að norska ríkið hefði ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt tilskipuninni með því að hafa ekki: (i) birt útboðstilkynningu á öllu evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við þær kröfur sem gerðar væru í 3. mgr. 58. gr. tilskipunarinnar; (ii) notað tæmandi talningu CPV kóða með nægilega nákvæmum hætti, í andstöðu við 2. mgr. 58. gr. tilskipunarinnar, sbr. 14. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar og CPV reglugerðarinnar; og (iii) virt lágmarks umsóknarfrest útboðs eins og mælt væri fyrir um í 59. gr. tilskipunarinnar.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.